

Foreldrakönnun Skólapúlsins 2015-2016

Niðurstöður foreldra nemenda í 1.-10.bekk

Lögð fyrir í febrúar 2016. Könnunin er liður í sjálfsmati Grunnskóla Fjallabyggðar.

Niðurstöður eru ýmist birtar í prósentutölum eða stigum. Sem viðmiðunarregla er munur uppá 0,5 stig ekki mikill munur, munur uppá 1,0 stig telst töluverður munur og munur uppá 1,5 stig og meira telst mikill munur.

Skólinn er borinn saman við skóla af sambærilegri stærð og aldurssamsetningu.

Sterkar hliðar.

- Foreldrar eru almennt ánægðari með *stjórnun skólans* en á landsvísu. Munurinn er 2,8% sem telst þó ekki marktækur.
- Foreldrar eru ánægðari með *hæfilega áherslu skólans á námsmat með hefðbundnum prófum*. Munurinn miðað við landsmeðaltal er 4,2%
- Foreldrar eru ánægðari með *hæfilega áherslu skólans á annað námsmat en með hefðbundnum prófum*. Munurinn miðað við landsmeðaltal er 8,6%
- *Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans í eineltismálum* er 11,9% meiri hér en á landinu öllu.
- *Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum* er 8,2% yfir landsmeðaltali.
- *Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans* er 4,2% yfir landsmeðaltali.
- *Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur* er yfir landsmeðaltali sem nemur 5,2%
- *Ánægja með síðasta foreldraviðtal* var 3,3% meiri en á landinu.
- *Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum* var marktækt yfir landsmeðaltali sem nemur 12,2%

Veikar hliðar.

- *Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra* er lakari en í sambærilegum skólum. Munar þar 5,3 % sem er marktækur munur. Bæði strákar og stúlkur eru undir landsmeðaltali og mestur er munurinn í 1.-4. bekk en munurinn minnkar eftir því sem nemendur eru eldri.
- *Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt* mælist 4,1% undir landsmeðaltali sem telst þó ekki marktækur munur.
- *Hlutfall nemenda sem nýta sér tómstundaþjónustu/frístundaheimili* er marktækt minni en á landinu. Munar þar 12,1%
- *Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti* er marktækt undir landsmeðaltali og er munurinn 10,6%. Foreldrar stúlkna virðast vera óánægðari en drengja og mest er óánægjan á miðstigi en minnst á unglingsstigi.
- *Notkun á mötuneyti* er langt undir landsmeðaltali. Hlutfallið hér er 71,1% en 86,9% á landinu, þar munar því 15,8%. Þó er notkunin í 1.-4. bekk yfir meðaltali, í 5.-7. bekk er hún 6,3% undir landsmeðaltali en í 8.-10. bekk er notkunin 28,2% undir landsmeðaltali.
- *Virgni foreldra í námi barna sinna* er 0,4 stigum undir landsmeðaltali en það er viðsnúningur frá því í fyrra þegar þessi þáttur var 0,4 stigum yfir landsmeðaltalinu.

- Þátturinn *Hæfileg heimavinna að mati foreldra*, mælist undir meðaltali sem nemur 7,9%. Munurinn er ekki marktækur. Það má lesa út úr niðurstöðunum að foreldrum þykir heimavinna frekar vera of mikil heldur en of lítil.
- *Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám* er minni en á landinu, munurinn er 7,3% sem telst ekki marktækur munur.
- *Ánægja foreldra með sálfræðipjónustu* mælist 11,1% minni en á landinu.